

13. gr.

Um hver áramót skulu oddvitar (bæjarstjórar) senda veiðistjóra skýrslu yfir tölu fugla, sem þeir hafa greitt verðlaun fyrir á árinu.

14. gr.

Þau bæjar- og sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld, sem síðan eru látin ganga til sýslumanns, en hann endurgreiðir þá hluta sýslusjóðs, $\frac{1}{6}$, og annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, $\frac{2}{3}$.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um eyðingu svartbaks, nr. 66 1936, lög nr. 89 1941, lög nr. 104 1951 og lög nr. 14 1962.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nr. 51.

18. maí 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124
22. des. 1947, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 13. og 14. tölul. 1. gr. laganna komi þrjú töluliðir, er orðist svo:

13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðahreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Óxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.